

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

12. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 25. nóvember 2016 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Karl Georg Klein (SH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Sigurjón Andersen (KK), Þórunn Ansnes (Sörli), Þórarinn Sófusson (GSE), Magnús Gunnarsson (Haukar), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ingvar Kristinsson (Björk), Ragnar Hilmarsson (Þytur) og Skúli Ragnarsson (AÍH). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Viðar Halldórsson (FH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður) og Anders Már Þráinsson (SÍH).

Dagskrá:

1. Samningur ÍSÍ við Flugfélag Íslands

Lagður fram til kynningar. Samningurinn er til eins árs og eru félögin beðin um að kynna sér hann vel. Hann er aðgengilegur á vefsíðu ÍSÍ www.isi.is undir liðnum Um ÍSÍ. Bókunarferlið er það sama og áður, félögin bóka beint hjá Flugfélaginu, sem leitar eftir staðfestingu hjá ÍSÍ. Stuðst er við Felix skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ við staðfestingar.

2. Óskað eftir umsóknum í Styrktarsjóð Íslandsbanka og ÍSÍ – Ungt íþróttafólk 15-20 ára

Félögin hvött til að kynna sér sjóðinn og sækja um í hann.

3. Norræn yfirlýsing um lyfjæftirlit og konur í leiðtogastörfum í íþróttahreyfingunni

Lögð fram til kynningar. Yfirlýsingin var staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ 13. október sl.

4. Nýr bannlisti WADA 2017

Vakin athygli á nýjum bannalista Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar WADA sem tekur gildi 1. janúar 2017. Fulltrúar félaganna beðnir um að koma upplýsingum um hann áfram til starfandi þjálfara og annara sem starfa við þjálfun og heilbrigði íþróttafólks. Hægt er að sjá bannlistann í heild sinni og samantekt á helstu breytingum á heimasíðu ÍSÍ í frétt sem birtist 31. október sl.

5. Óformlegur fundur íþróttahéraða 11. nóvember sl.

Framkvæmdastjóri ÍBH greindi fundarmönnum frá helstu umræðuefnum fundarins.

6. Formannafundur ÍSÍ 11. nóvember sl.

Formaður ÍBH fór yfir efni fundarins.

7. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands dagsett 14. nóvember sl.

Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjórn ÍBH falið að svara bréfinu f.h. stjórnar ÍBH.

8. Ánægja í íþróttum – Úrvinnsla fyrir íþróttafélög

Fyrirtækið Rannsóknir og greining er búið að skila úrvinnslum til ÍSÍ og UMFÍ þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir íþróttahéruðum. ÍBH er ekki búið að fá sína skýrslu frá ÍSÍ. Fyrirtækið er að bjóða aðildarfélögum ÍBH að kaupa úrvinnslu fyrir sitt félag. Fundarmenn sammála um að sjá fyrst skýrslu ÍBH og taka síðan ákvarðanir um kaup á úrvinnslu fyrir sitt félag og frekari kynningum eftir það.

9. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2016

Verður haldin 28. desember nk. af Hafnarfjarðarbæ í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Hlutverk ÍBH í hátíðinni er að kalla eftir upplýsingum frá aðildarfélögunum um árangur á árinu sem er að líða, taka þær saman fyrir Íþrótt- og tómstundanevnd Hafnarfjarðarbæjar og afhenda ÍSÍ bikarinn. Skrifstofa ÍBH sendir félögunum dagskrá hátíðarinnar þegar nær dregur.

10. Val á íþróttamanni ársins

Miðvikudaginn 2. nóvember sl. héldu ÍSÍ og samtök íþróttafréttamanna hádegisfund um val á íþróttamanni ársins. Rætt var um hvort fyrirkomulagið ætti að vera óbreytt eða hvort velja ætti íþróttamann og íþróttakonu ársins. Framkvæmdastjóri ÍBH greindi fundarmönnum frá því helsta sem fór fram á fundinum.

11. Kosning ÍSÍ bikars

Fulltrúar félaga kynntu umsóknir sínar og að því loknu völdu fundarmenn félag sem fær bikarinn fyrir árið 2016.

12. Önnur mál

- a). IK kom með tillögu að dagsetningu fyrir þing ÍBH 2017. Dagsetningin er 20. maí. Fundarmenn voru beðnir um að athuga hvort sú dagsetning væri í lagi og vera í sambandi við skrifstofu ÍBH.
- b). ÞS kom inn á mikilvægi þess að reyna að smala saman ólíkum hópum til að koma að uppbyggingu íþrótt- og útivistarsvæðis við Hamranes, nefndi hann m.a. skátana, skóræktina, golf, Siglingaklúbbinn o.fl.
- c). RH sagði frá fyrirhuguðum stofnfundi kajakdeildar hjá Siglingaklúbbnum Þyt laugardaginn 26. nóvember.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.00 og lauk kl. 19.20.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.